

6. gr.

Yfir náttúrustofu í Vestmannaeyjum skal starfa sérstök stjórn, skipuð þremur mönnum og þremur til vara. Eigendur í héraði tilnefna tvo en ráðherra einn og skal hann vera formaður. Sömu reglur gilda um varamenn. Skipunartími stjórnar er milli reglulegra sveitarstjórnarkosninga. Hlutverk stjórnar er að hafa eftirlit með rekstri stofunnar, fjalla um og samþykkja fjárhagsáætlanir og fylgjast með fjárhag hennar og starfsemi.

Kostnaður vegna starfa stjórnarinnar greiðist af stofunni.

7. gr.

Stjórn stofunnar ræður forstöðumann í fullt starf. Hann skal hafa háskólapróf í náttúrufræði eða sambærilega þekkingu. Hann stjórnar daglegum rekstri stofunnar, gerir fjárhagsáætlanir, fer með fjármálaleg samskipti fyrir hönd stjórnar, ræður starfslið með samþykki stjórnar og er í fyrirsvari fyrir stofuna.

Forstöðumaður skal sækja lögbundna fundi Náttúrufræðistofnunar Íslands og náttúrustofa til að samræma starfsemina og greina frá niðurstöðum rannsókna sem unnar hafa verið á stofunni.

8. gr.

Til að sinna hlutverki stofunnar skal sérfræðingum og aðstoðarmönnum þeirra á stofunni sem stunda almennar náttúrufræðisóknir eða söfnun náttúrugripa og annarra heimilda um náttúruna frjáls för um lönd manna en forðast skulu þeir óþarfa átroðning og skylt er að greiða fullar bætur fyrir tjón sem þeir kunna að valda.

Sömu aðilum er í þessu skyni heimilt að safna náttúrugripum hvar sem er án þess að endurgjald komi fyrir. Þetta gildir þó ekki ef um er að ræða náttúrugrip sem fémætir eru fyrir landeiganda eða aðra réttihafa lands.

Komi í ljós við rannsókn verðmæti sem áður voru ókunn ber rannsakanda að tilkynna réttihafa þess lands þar sem verðmætin eru.

9. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 12. og 16. gr. laga nr. 60/1992 um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur og öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 12. desember 1995.

Guðmundur Bjarnason.

Magnús Jóhannesson.

SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Sandgerðisbæjar
og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 454/1990.**

1. gr.

49. gr. samþykktarinnar orðast svo:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa þrjá aðalmennt í bæjarráð til eins árs og jafnmarga til vara. Aðalfulltrúar í bæjarstjórn eru einir

kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Varamenn hins kjörna bæjarráðsmanns geta verið þeir aðalfulltrúar og varafulltrúar sem kosningu hafa hlotið af sama framboðslista. Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð. Bæjarstjórn getur heimilað flokki að framboðslisti sem fulltrúa á í bæjarstjórn en ekki hefur fengið kjörinn bæjarráðsmann, að tilnefna fulltrúa til setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt. Gilda þá sömu reglur um varamenn áheyrnarfulltrúans og aðalmanns í bæjarráði. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúum flokks/framboðslista kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa sbr. 12. gr. þessarar samþykktar.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 62. gr. B samþykktarinnar og breytist númeraröð tölulíðanna samkvæmt því:

a. 2. tölul. fellur brott.

b. 5. tölul. er verður 4 tölul. orðast svo:

Félagsmálaráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Félagsmálaráði eru falin störf barnaverndarnefndar skv. 6. gr. laga um vernd barna og ungmenna nr. 58/1992 og áfengisvararnefndar skv. 50. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. áfengislög nr. 82/1969. Jafnframt falla undir félagsmálaráð dagvistunarmál, félagsþjónusta og öldrunarmál.

c. 8. tölul. fellur brott.

d. 11. tölul. er verður 9. tölul. orðast svo:

Skólanefnd grunnskóla. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 13. gr. laga um grunnskóla nr. 66/1995.

e. 17. tölul. er verður 15. tölul. orðast svo:

Húsnæðisnefnd. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, kosnir af bæjarstjórn og tveir aðalmenn og jafnmargir til vara tilnefndir af V.S.F.S. og S.F.S.B. skv. 39. gr. laga um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 97/1993, sbr. lög nr. 58/1995.

f. 18. tölul. er verður 16. tölul. orðast svo:

Atvinnumálanefnd. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Atvinnurekendur og V.S.F.S. tilnefna einn mann hvor. Nefndin fer jafnframt með verkefni stjórnarnefndar vinnu- miðlunar skv. 9. gr. laga um vinnumiðlun nr. 18/1985.

g. 20. tölul. fellur brott.

h. 21. tölul. er verður 18. tölul. orðast svo:

Íþrótt- og tómstundaráð. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar, dags. 19. des. 1995.

i. 22. tölul. fellur brott.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Sandgerðisbæjar hefur sett samkvæmt ákvæðum 3. mgr. 7. gr. og 49. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1995.

F. h. r.

Húnbogi Þorsteinsson.

Sesselja Árnadóttir.